



## Samtakahópurinn, haldinn í frístundamiðstöðinni að Hafnargötu 88

30. september 2021 kl. 10.00

Mætt: Davíð Már Gunnarsson, Ólafur Bergur Ólafsson, Fríða Guðlaugsdóttir, Kolbrún Skagfjörð Sigurðardóttir Svava Ósk Stefánsdóttir, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Heiða Ingimundardóttir, María Guðmunda Pálsdóttir og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

\*\*\*

### Fundargerð

#### 1. Kynning á starfi Frístundamiðstöðvarinnar að Hafnargötu 88

Davíð Már Gunnarsson forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins og Ólafur Bergur Ólafsson Frístundaleiðbeinandi kynntu starfsemina við Hafnargötu 88.

Fundargestir fengu sýnisferð um aðstöðu hússins og þá starfsemi sem þar fram. En þær helstu eru;

- Fjörheimar félagsmiðstöð er félagsmiðstöð í Reykjanesbæ sem stofnuð er árið 1983. Fjörheimar halda úti skipulögðu tómstunda- og félagsstarfi fyrir miðstig og unglिंगastig fyrir nemendur allra grunnskóla Reykjanesbæjar. Ásamt því er rekið öflugt starf Unglingaráðs Fjörheima, sem samanstendur af 21 nemenda úr öllum grunnskólum Reykjanesbæjar

-88 Húsið er ungmennahús í Reykjanesbæ sem þjónustar ungmenni á aldrinum 16-25 ára. 88 Húsið heldur úti skipulögðu tómstunda- og félagsstarfi og vinnur mörg samstarfsverkefni með hinum ýmsu úrræðum fyrir ungt fólk. Helstu samstarfsaðilar eru Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Hinsegin Plútó, MSS (Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum), foreldrafélög og fleiri.

-Skjólíð er frístundaúrræði fyrir ungmenni með greiningar. Markhópur Skjólísins eru ungmenni í 5-10.bekk Reykjanesbæjar sem eiga erfitt með að vera ein heima á daginn eftir að skóla líkur. Í þessu eftirskóla úrræði er unnið með styrkleika hvers og eins og lögð áhersla á að ýta undir félagslega færni, sjálfsstyrkingu og virkni.

-Listasmiðja Reykjaness sem er nýtt verkefni í húsinu. Í Listasmiðjunni gefst ungmendum á Reykjanesinu tækifæri til þess að þróa sína listrænu hæfileika undir handleiðslu listamanns sem vinnur í húsinu. Lögð er áhersla að skapa umhverfi þar sem ungmennin geta sinnt sínu áhugamáli með jafnöldrum og myndað þar félagsleg tengsl.

## 2. Heilsu- og forvarnarvika Reykjanesbæjar 4. – 10. október 2021



Hafþór Birgisson Íþrótt- og tómstundafulltrúi kynnti dagskrá heilsu- og forvarnarviku Reykjanesbæjar. Dagskránná má kynna sér með því að smella á

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf\\_skjol\\_allir/2021/heilsu\\_forvarnarvika\\_2021.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/2021/heilsu_forvarnarvika_2021.pdf) Að auki hefur starfsfólk frístundamiðstöðvarinnar að Hafnargötu útbúið þrjú

myndbönd til að kynna heilsu- og forvarnarvikuna. Eitt mynd almennt um heilsu- og forvarnarvikuna <https://www.youtube.com/watch?v=zTbNeggC5lo>

Annað þar sem markhópur eru fullorðnir

<https://www.youtube.com/watch?v=E2l07JivVNk>

og hið síðasta er markhópur börn og ungmenni

<https://www.youtube.com/watch?v=ZzXpOzZNmcl>

Samtakahópurinn skorar á bæjarbúa að taka virkan þátt í heilsu- og forvarnarvikunni.

## 3. Nýr lýðheilsufulltrúi

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi sagði frá að Ásdís Ragna Einarsdóttir hefði verið ráðin í tímabundið starf sem lýðheilsufulltrúi í fjarveru Guðrúnar Magnúsdóttur. Samtakahópurinn býður Ásdísi Rögnu velkomna til starfa.

## 4. Forvarnardagur forseta Íslands

Miðvikudaginn 6. október 2021 verður Forvarnardagurinn haldinn í 16 sinn í grunnskólum landsins og í ellefta sinn í framhaldsskólum.

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands. Aðrir samstarfsaðilar að Forvarnardeginum eru Embætti landlæknis, sem sér um verkefnisstjórn dagsins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Samfés, Heimili og skóli – landsamtök foreldra, Ungmennafélag Íslands, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Skátar, Rannsóknir og greining og SAFF – Samstarf félagasamtaka í forvörnum.

Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti og er beint sérstaklega að nemendum í 9. bekk grunnskóla og á 1. ári í framhaldsskólum. Á Forvarnardaginn ræða nemendur meðal annars um hugmyndir sínar og tillögur um samverustundir með fjölskyldu og skipulagt íþrótt- og tómstundastarf, en þetta

*eru á meðal verndandi þátta gegn áhættu hegðun.*

*Markmið Forvarnardagsins er að vekja athygli mikilvægum þáttum í*

*forvarnarstarfi sem snúa að ungu fólki. Á*

*heimasíðu Forvarnardagsins er meðal*

*annars að finna fróðleik og myndbönd um*

*forvarnir [www.forvarnardagur.is](http://www.forvarnardagur.is)*

*Allir sem koma að málefnum barna og ungmenna á einn eða annan hátt eru hvattir til halda forvarnardeginn á lofti og fylgjast vel með starfsemi grunn og framhaldsskóla þennan dag með áherslu á fyrrgreinda árganga. Til dæmis með því að virkja fjölmiðla á svæðinu. Grunn- og framhaldsskólar eru sérstaklega hvattir til að finna leiðir til að leyfa fulltrúum nær samfélagsins að fylgjast með verkefnum dagsins.*



á

*Fleira ekki gert og fundi slitið 11.15.*